

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 frá 19. maí 1988 og 40.–42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur brott reglugerð um upphaf og lok fangavistar nr. 569 frá 30. desember 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. janúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 449, 15. nóvember 1990,
um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðar-
húsnæði með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a. Í stað orðanna „60% virðisaukaskatts“ í 1. stafl. komi: virðisaukaskatt.
- b. Í stað orðanna „60% virðisaukaskatts“ í 2. stafl. komi: virðisaukaskatt.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr.:

- a. Hundraðshluti í fyrsta staflið verði: 7,75%
- b. Hundraðshluti í öðrum staflið verði: 8,75%
- c. Hundraðshluti í þriðja staflið verði: 6,25%

3. gr.

Reglugerð þessi, sett með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 15. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.